

Hamingjan er ljósastaur



Nú uppá síðkastið hef ég mest verið að pæla í jörðinni, þá kannski mest okkur sem eru á jörðinni, ekki einhverjum sem hafa flúið hana. Ef einhver flýr jörðina þá kemst hann ekki langt því jörðin er alls staðar en samt ekki alls staðar eins og ljósastaurar en ljósastaurarnir lýsa fyrir okkur veginn, veginn að hamingjunni.

Amma og afi hafa alltaf sagt að maður kaupir ekki hamingjuna, þó svo að ljósastaurarnir lýsi veginn að henni fyrir okkur en ekki spruttu þessi ljósastaurar upp úr jarðveginum af sjálfu sér. Það er þó þannig að það er eins og þeir hafi alltaf verið þarna. Ég er nú samt búinn að vera í menntaskóla núna í rúmlega 7 ár og er því ekki vitlaus, ég veit að þeir uxu ekki bara upp úr þurru. Ég veit að það var einhver gaur, jafnvel margir gaurar sem komu að þessu verki. Það hlýtur svo að hafa verið manneskja sem borgaði fyrir ljósastaurana, ljósastaurana sem hafa vísað mér og líklega mörgum öðrum leið að hamingjunni. Svo þarna skjátlast þeim ömmu og afa eitthvað. Til hvers væru ljósastaurarnir ef engin hamingja væri?

Vandamálið hjá ömmu og afa er auðséð, þau búa náttúrliga úti í sveit, ég hef komið þangað til þeirra og uppgötvaði dálítið skrítið. Engir ljósastaurar? Það er satt, þar sem þau búa eru engir ljósastaurar! Þess vegna halda þau að peningar kaupi ekki hamingjuna, þau tvö segjast samt hafa fundið hana.

Í því tilefni ákváðum við félagi minn að fara í rannsóknarvinnu þess efnis. Við spurðum þau alls konar spurninga um lífið sem hefur eitthvað verið að dafna hjá þeim. Okkur þótti merkileg þessi staðreynd að lífið væri eitthvað að dafna, ákváðum þó ekki að kippa okkur upp við það. Í rannsókninni kom einnig í ljós að þau höfðu kynnst í Reykjavík city. Niðurstaðan því augljós, ljósastaurarnir vísuðu afa leiðina að ömmu og þar með lýstu ljósastaurarnir hamingju og ást þeirra. Bæði flytja þau saman út í sveit og lífið byrjar að dafna og hamingjan verður minni, þá komum við aftur að ljósastauravandanum.

Augljós niðurstaða: Til að halda öllum hamingjusömum og glöðum í landinu, á jörðinni, af hverju í ósköpunum byggjum við ekki fleiri ljósastaura til að halda öllum ánægðum og hamingjusömum? Gamla klisjan um að maður kaupi ekki hamingju er hér með dauð.

Byggjum ljósastaura, lifum lífinu.

Hafliði Þór Pétursson,
skemmtanastjóri NFB